

Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2013 og hófst kl. 16:00 á Háalofti, á 8. hæð Hörpu

Mætt voru:

Guðfinna S. Bjarnadóttir - stjórnarformaður Hörpu
Illugi Gunnarsson – mennta- og menningarmálaráðherra
Sigríður Hallgrímsdóttir – aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra
Hrólfur Jónsson – skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg
Þórhallur Arason – skrifstofustjóri hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti
Þórunn Sigurðardóttir – stjórnarmaður Hörpu
Ellý Katrín Guðmundsdóttir - borgarritari
Vignir Rafn Gíslason – endurskoðandi PwC
Ingibjörg Þorbergsdóttir – PwC
Guðbjörg Bjarnadóttir – sendiráð Íslands í Washington
Ásta Benediktsdóttir – ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneyti
Halldór Guðmundsson – forstjóri Hörpu
Auður Árnadóttir – fjármálastjóri Hörpu
Sunna Hrönn Sigmarsdóttir – starfsmaður Hörpu
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu
Helga Thors – starfsmaður Hörpu
Steinunn Birna Ragnarsdóttir – starfsmaður Hörpu
Elva Dögg Melsteð ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari tæki að sér fundarstjórn. Samþykkt.

2. Fundarritun

EKG lagði til að Elva Dögg Melsteð starfsmaður Hörpu ohf. ritaði fundargerð. Samþykkt.

3. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins með auglýsingu í Fréttablaðinu þann 15. apríl síðastliðinn. Af hálfu hluthafa mætti, Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Þórhallur Arason með umboð frá fjármála- og efnahagsráðherra (54%) og Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri með umboð frá Jóni Gnarr borgarstjóra (46%).

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

4. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2013

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var staðfestur.

5. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár. Samþykkt. Hér breytti fundarstjóri röð skv. boðaðri dagskrá svo hægt væri að kjósa stjórn samkvæmt nýjum samþykktum.

6. Tillaga um breytingu á samþykktum

Stjórn félagsins gerir þá tillögu um að 1. mgr. 15. gr. samþykpta félagsins verði breytt á þann veg að kveðið er á um að stjórn félagsins skuli vera skipuð fimm mönnum en ekki sjö líkt og núverandi samþykktir gera ráð fyrir.

1. mgr. 5. gr. samþykptanna verði því með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður stjórnar skal vera kjörinn sérstaklega. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef þess er óskað.“

Tillagan var samþykkt.

7. Tillaga um breytingu á starfsreglum stjórnar

Í samræmi við breytingar á samþykktum félagsins um fækkun stjórnarmanna gerir stjórn félagsins þá tillögu að grein 1.1. í starfsreglum stjórnar verði breytt á þann veg að kveðið sé á um að stjórn félagsins er fimm manna skipuð til eins árs í senn. Þá verður einnig gerð samsvarandi breyting á grein 1.3. í tengslum við fækkun stjórnarmanna. Tillagan var samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um 5 manna stjórn.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Guðfinna S. Bjarnadóttir, formaður
2. Vilhjálmur Egilsson
3. Kjartan Örn Ólafsson
4. Svanhildur Konráðsdóttir
5. Ásta Möller

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins, sbr. 6 grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillaga samþykkt.

11. Tillaga að starfskjarastefnu.


Í samræmi við lög verður Harpa ohf. að setja sér starfskjarastefnu. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu lá frammi á fundinum og var hún samþykkt.

12. Önnur mál

Illugi Gunnarsson kvaddi sér hljóðs. Þakkaði stjórn, starfsmönnum og fráfarandi stjórnarmönnum vel unnin störf en sérstaklega þórunni Sigurðardóttur sem hefur verið vakin og sofin yfir þessu verkefni í mörg ár. Ræddi einnig mikilvægi Hörpu í íslensku samfélagi.

Fundarstjóri tók undir orð Illuga um leið og hún sleit fundi kl 16:47.

Fundurinn fóll fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins. Samþykkt var að fela lögmannsstofunni BBA að ganga frá öllum nauðsynlegum tilkynningum til hlutafélagaskrár ríkisskattstjóra er stafa af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið á hluthafafundinum.



Ellý Katrín Guðmundsdóttir, fundarstjóri



Elva Dögg Melsteð, fundarritari